



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 29. maí 2018  
USK2018050033

Innkauparáð

***Breiðholtslaug, ný rennibraut. Heimild til samningskaupa.***

Með vísun í 22.gr.b. í innkaupareglum Reykjavíkurborgar er óskað eftir heimild innkauparáðs til að viðhafa samningskaup um kaup og uppsetningu á viðbótum við breytta vatnsrennibraut í Breiðholtslaug, af sömu tegund og fyrir er, sem er Polin. Áætlaður kostnaður er um það bil kr. 32.000.000,-

Með því að kaupa sömu tegund er hægt að nota núverandi undirstöður, stálburðarvirki og tröppur sem fyrir eru. Þannig sparast talsverður kostnaður, verktími verður styttri með minni röskun á starfsemi laugarinnar og samtengd ábyrgð fæst á allt mannvirkið í heild. Innflutningsaðli og viðsemjandi er fyrirtækið Spennandi ehf.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds